

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. febrúar 2022 vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Guðríðarstíg.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Guðríðarstíg, birtist í Fréttablaðinu miðvikudaginn 9. febrúar 2022. Tillagan er í kynningu frá 9. febrúar 2022 til og með 23. mars 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/gudridarstigur-6-8>

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. janúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. janúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, athafnasvæðis, vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Guðríðarstíg. Í breytingunni felst að byggingarreitir hússins stækkar til suðvesturs þannig að hægt verði að byggja við húsið. Hluti viðbyggingar verður á þremur hæðum en stærsti hlutinn á einni hæð. Stækkunin nýtist fyrir skrifstofustarfsemi og lager. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall og byggingarmagn eykst. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **9. febrúar 2022 til og með 23. mars 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 23. mars 2022**. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

mkv.

**Þuríður Guðmundsdóttir**

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

[thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Virðing fyrir umhverfinu   
Fagmennska í hverju verki  
Þjónusta við samfélagið 